

Alþingi
Erindi nr. P 143/239
komudagur 18.11.2013



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2013.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku nr. 88/1971 (19. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur felur í sér breytingar á fyrirkomulagi frídaga.

Viðskiptaráð tekur undir með flutningsmönnum frumvarps þessa að núverandi skipan mála með þónokkrum stökum frídögum yfir árið sé til óhagræðis fyrir launafólk, fjölskyldur þeirra og atvinnurekendur. Líkt og kemur fram í [umsögn Samtaka atvinnulífsins](#) við 324. þingmál þá hefur margoft komið fram að flutningur frídaga nýtur almenns stuðnings og því engin ástæða að bíða frekar með breytingar. Þar kemur þó jafnframt fram að skoða þurfi sérstaklega hvort fjölgun frídaga sé heppileg út frá auknum launakostnaði með samsvarandi tapi vegna minni framleiðni og þjónustu.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tillit til ofangreindrar athugasemdar.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands